

Vísað er til 155. máls á 141. löggjafarþingi 2012-2012, þskj. 155 - um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Íslandsdeild NFBO (Nordisk Forening mot barnemishandling og omsorgssvikt) vinnur að vernd og velferð barna á grundvelli samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Íslandsdeildin mælir eindregið með því að samningurinn verði lögfestur hér á landi. Lögfesting samningsins er mikilvæg í því skyni að auka réttaröryggi og réttarvernd barna á Íslandi.

NFBO eru frjáls, þverfagleg og norræn samtök fagfólks (svo sem lækna, lögfræðinga, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga, lögreglumanna, kennara, háskólakennara og fræðimanna er stunda rannsóknir) sem beita sér fyrir að efla þekkingu og fagleg samskipti varðandi illa meðferð á börnum, forvarnir og meðferð slíkra mála. Íslandsdeild samtakanna telur 36 manns en heildarfjöldi félagsmanna hinna norrænu samtaka er eitthvað á fjórða hundraðið.

Frekari upplýsingar um þessi samtök er að finna á heimasíðunni www.nfbo.org



NORDISK FORENING
mot barnemishandling og omsorgssvikt

Gunnar M. Sandholt
formaður
455 6080 / 897 54 85
sandholt@skagafjordur.is